

HVERFISRÁÐ BREIÐHOLTS

Ár 2017, fimmtudaginn 26. janúar, var haldinn 134. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Gerðubergi og hófst kl. 16.15. Viðstödd voru Nichole Leigh Mosty, Aðalheiður Frantzdóttir, Sigbór K. Ágústsson, Bergþór Heimir Þórðarson og Elísabet Ólöf Helgadóttir. Einnig voru mættir áheyrnarfulltrúinn Sveinn Hjörtur Guðfinnsson fyrir Framsókn og flugvallarvini, Óskar Dýrmondur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer umræða um skýrslu innri endurskoðunar um hverfisráð og þjónustumiðstöðvar.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi umsögn:

Hverfisráð Breiðholts hefur farið yfir skýrslu innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar um hverfisráð og þjónustumiðstöðvar. Ráðið telur að valkostur II; breytt uppbygging stjórnkerfis, henti best til frampróunar á þjónustu borgarinnar. Um leið er mikilvægt að skilgreining þjónustu og útfærsla borgarhluta taki mið af sérstöðu Breiðholts og því starfi sem unnið hefur verið innan hverfisins undanfarið, m.a. í Breiðholtsverkefni sem hefur stuðlað að einfaldara stjórnskipulagi og aukinni samþættingu. Ráðið leggur því eindregið til að Breiðholt verði skilgreint sem sérstakur borgarhluti við breytta uppbyggingu stjórnkerfisins. Þá er brýnt er að vægi rafrænnar þjónustu við íbúa verði aukið eins og kostur er. Þessi áhersla kemur skýrt fram í valkosti I en þykir ekki eins sýnileg í valkosti II. Ráðið telur einnig að fækkun hverfisráða sé ekki til þess fallin að auka aðgengi íbúa í Breiðholti eða öðrum hverfum borgarinnar að ákvarðanatöku um málefni síns hverfis. Skýrt er tekið fram í skýrslunni að vilji borgaryfirvalda sé að auka aðgengi íbúa að ákvarðanatöku. Hverfisráð tekur undir þessi sjónarmið. Mikilvægt er að þróun á stjórnsýslu og þjónustu hafi nálægð við íbúa og þarfir þeirra í fyrirrúmi.

Samþykkt.

2. Fram fer umræða um framtíðarsýn og stefnumið hverfisráðs. Uppfært skjal lagt fram.
Samþykkt.

Fundi slitið kl. 20.00

Nichole Leigh Mosty

Elísabet Ólöf Helgadóttir
Aðalheiður Frantzdóttir

Sigbór K. Ágústsson
Bergþór Heimir Þórðarson